

fréttabréf



Maí 2006, 3. tölublað, 7. árg.

EuroFIR

Greinargerð fyrir árið 2005

Ólafur Reykdal

EuroFIR (European Food Information Resource) er evrópskt öndvegisnet (network of excellence) um efnainnihald matvæla og leiðir til að miðla upplýsingunum með gagnagrunnum og Netinu. Verkefnið er undir 6. rammaáætluninni, það hófst 2005 og því lýkur 2009. Íslenski gagnagrunnurinn um efnainnihald matvæla (ISGEM) var forsenda fyrir þátttöku í verkefninu.

Þátttakendur eru 40 stofnanir frá 21 Evrópulandi. Verkefnisstjórn er hjá Institute of Food Research í Norwich í Bretlandi. Matvælarannsóknir Keldnaholti (Matra) eru íslenski þátttakandinn í samstafi við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins (Rf), rannsóknarstofu í næringarfræði við Háskóla Íslands (rín) og Lýðheilsustöð. Starfsmaður hugbúnaðarfyrtækisins Hugsjár ehf vinnur íslenska hlutann sem snýr að forritun. Ólafur Reykdal er tengiliður fyrir verkefnið á Íslandi en Inga Þórsdóttir (rín) og Helga Gunnlaugsdóttir (Rf) eru einnig á lista verkefnisins (list of researchers). Mikið er lagt upp úr því að tengja framhaldsnema við verkefnið og

voru doktorsnemar Ingu á árinu 2005 á lista verkefnisins (Anna Sigríður Ólafsdóttir, Björn S. Gunnarsson og Elva Gísladóttir).

Gagnagrunnar um efnainnihald matvæla í Evrópu eru ekki samhæfðir og því er eitt mikilvægasta viðfangsefnið í EuroFIR verkefninu er að þróa staðla fyrir þessa gagnagrunna og kerfi til að skilgreina fæðutegundir með ótvíræðum hætti. Einnig er mikil áhersla lögð á að meta gæði gagna um efnainnihald matvæla og að byggja upp gæðakerfi sem taka yfir allan ferilinn frá sýnatöku til hagnýtingar gagnanna.

Undirverkefni EuroFIR eru 15 en Íslendingar taka þátt í eftirtöldum verkefnum:

- Netvæðing gagna (WP1.4)
- Stöðlun gagna (WP 1.5)
- Skilgreining fæðutegunda (WP 1.6)
- Útreikningar á næringargildi (WP 2.2)
- Matarhefðir (WP 2.3.1)
- Lífvirk efni (WP 2.4)



Ætlast er til þess að hver þátttakandi setji innlend gögn á netið. Gögnin þurfa að standast gæðakröfur og vera sett fram á staðlaðan hátt. Saman mynda gögnin evrópskt gagnasafn en ekki stendur til að búa til einn evrópskan gagnagrunn.

EuroFIR verkefnið á að leiða til þess að gögn um efnainnhald matvæla verði af meiri gæðum í framtíðinni en nú er. Staðlar EuroFIR verkefnisins eiga að verða viðmiðun fyrir notendur gagnanna. Niðurstöður sem byggja á gæðametnum gögnum samkvæmt EuroFIR munu hafa annan gæðastimpil en þær sem gera það ekki. Þetta á við um alla notkun gagnanna, hvort sem um er að ræða neyslurannsóknir eða útgáfu á töflum yfir næringarefni. Benda má á faggildingu efnagreiningaaðferða sem hliðstæðu, en oft er gerð krafa um að efnagreiningaaðferðir séu faggildar.

EuroFIR verkefnið er skilgreint samkvæmt þörfum í Evrópu en tekur ekki mið af aðstæðum á Íslandi. Fyrsta árið hefur að mestu verið fræðilegs eðlis og snúist um gæðakerfi og skilgreiningar. Frá íslenskum sjónarhóli hefði verið mikilvægast að ráðast í endurbætur á íslenska gagnagrunninum (ÍSGEM) en það var ekki valkostur. Það er samdóma álit sérfræðinga að skráningarforrit ÍSGEM sé úrelt en það er þó nothæft. Það er einnig veikleiki íslensku gagnanna hve lítið þau eru uppfærð með efnagreiningum en mjög hefur dregið úr mælingum á seinustu árum vegna kostnaðar.

Íslendingum tókst að standa við allar skuldbindingar vegna EuroFIR á árinu 2005. Framhaldið gæti þó orðið erfiðara en áður því byggja þarf á gagnagrunnum þátttakenda.

Verkefnisvinnan 2005

Vinna við verkefnið hófst í ársbyrjun 2005. Fyrsti sameinlegi fundurinn í verkefninu (network meeting) var haldinn í mars en á hann fóru frá Íslandi Ólafur Reykdal, Helga Gunnlaugsdóttir frá Rf og Ívar Gunnarsson frá Hugsjá. Magnús Guðmundsson, forstöðumaður Matra, fór á fund um fjármál verkefnisins í febrúar og á stjórnarfund í apríl. Guðjón Gunnarsson, starfsmaður Rf, fékk styrk frá EuroFIR til að sækja þriggja vikna námskeið um meðferð gagna og matvælagagnagrunna.

Starfsmenn Matra unnu 1378 klst eða 12 mannmánuði við verkefnið á árinu 2005. Farnar voru 7 ferðir á verkefnisfundi erlendis. Í lok árs hafði aðeins fyrsta styrkgreiðslan borist. Dráttur á styrkgreiðslum skapar umtalsverðan rekstrarvanda fyrir stofnanir eins og Iðntæknistofnun sem greiða laun með styrkgreiðslum.

Fundur með ráðgjöfum

Þau Anders Møller og Jayne Ireland komu til landsins í ágúst til að veita Íslendingum ráðgjöf um gagnagrunna. EuroFIR verkefnið stóð undir kostnaði við fundinn. Boðið var upp á þriggja daga dagskrá með fyrirlestrum og umræðum. 15 Íslendingar komu á einhvern hluta dagskrárinnar. Anders og Jayne skiluðu skýrslu þar sem þau töldu að eftirfarandi væri nauðsynlegt til að uppfylla kröfur EuroFIR: (1) ÍSGEM grunninn þarf að setja á Netið. (2) Fæðutegundum þarf að lýsa samkvæmt Language kerfinu. (3) Gögn í ÍSGEM grunninum þarf að gæðameta og bæta við upplýsingum um mæliaðferðir og aðferðir við sýnatöku. (4) Ná þarf samkomulagi innanlands um þróun gagnagrunna. (5) Skráning fæðutegunda, mæliaðferða, sýnatökuaðferða og gæðaeinkunna þarf að vera í samræmi

að þá staðla sem verða þróaðir innan EuroFIR verkefnisins.

Vinna í undirverkefnum

Hér að neðan verður gerð grein fyrir þeim undirverkefnum sem Íslendingar taka þátt í.

WP1.4: Netvæðing gagna

Verkefnið miðar að því að gera gagnagrunna aðgengilega á Netinu þannig að aðgangur sé ætíð að nýjustu gögnum. Unnið hefur verið að skilgreiningum, hönnun og forritun. Drög hafa verið lögð að því að setja ÍSGEM á Netið. Um forritunarmál í íslenska hlutanum sér Ívar Gunnarsson hjá Hugsjá ehf.

WP 1.5: Stöðlun gagna

Í þessu undirverkefni eru þróuð gæðakerfi sem lýsa öflun og framsetningu gagna. Unnið hefur verið að skýrslum sem eru undirbúningur fyrir staðal fyrir matvælagagnagrunna svo hægt verði að samhæfa evrópskra grunna á þessu sviði. Unnið hefur verið að samræmdum kóðum fyrir efni í gagnagrunnum og úttekt á aðskotaefnum.

WP1.6: Skilgreining fæðutegunda

Unnið er við þróun á LanguaL kerfinu til að hægt verði að skilgreina evrópskar fæðutegundir með ótvíræðum hætti. Hafist var handa við að kóða fæðutegundir í ÍSGEM grunninum samkvæmt 14 þrepum LanguaL kerfisins. Ólafur Reykdal (olafurr@iti.is) vinnur við undirverkefni 1.5 og 1.6.

WP2.2: Útreikningar á næringargildi

Unnið er að gæðakröfum fyrir útreikninga á næringargildi, m.a. í matvælaíðnaði. Ólafur Reykdal vinnur við þetta

undirverkefni í samstarfi við Hólmfríði Þorgeirsdóttur.

WP2.3.1: Matarhefðir

Unnið hefur verið við skilgreiningar á þjóðlegum mat fyrir Evrópu, meðal annars til að auðvelda skráningu. Valdar hafa verið hefðbundnar íslenskar fæðutegundir til nánari skoðunar. Um íslenska hlutann sér Guðmundur Guðmundsson (gg@iti.is). Hann hefur tekið saman upplýsingar um íslenskar matarhefðir og kynnt á tveimur verkefnisfundum.

WP2.4: Lífvirk efni

Unnið var við gæðamat á gögnum um lífvirk efni í vísindagreinum. Þau gögn sem standast gæðakröfur verða skráð í sérstakan gagnagrunn. Hannes Hafsteinsson sér um þennan þátt fyrir Matra (hannesh@iti.is).

Kynning 2005

EuroFIR verkefnið var kynnt með fyrirlestrum á Lýðheilsustöð 31. maí, á Landspítala háskólasjúkrahúsi 8. júní og Landbúnaðarháskólanum 25. október. Grein um EuroFIR verkefnið birtist í Rannís blaðinu 20. október 2005. Í Tæknipúlsinum, fréttablaði Iðntækni-stofnunar, birtust í nóvember 2005 upplýsingar um EuroFIR.

Ólafur Reykdal tók þátt í málþingi á vegum norræns upplýsinganets um öryggi sjávarafurða 4.-5. apríl 2005 og kynnti þar hvernig EuroFIR gæti nýst í norrænu samstarfi. Málþingið var á vegum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. EuroFIR var einnig kynnt á fundi 2.-3. júní í verkefni um akrýlamíð en það er styrkt af Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni.



Viðfangsefni á árinu 2006

Í lok júní 2006 lýkur fyrsta 18 mánaða tímabili verkefnisins og þá þarf mörgum verkþáttum að vera lokið. Helstu verkþættir fyrir árið 2006 eru eftirfarandi:

- Koma þarf gæðametnum gögnum úr ÍSGEM á Netið. Ljóst er að aðeins getur verið um hluta af gögnunum að ræða.
- Ljúka þarf við að kóða allar fæðutegundir í ÍSGEM grunninum samkvæmt LanguaL kerfinu. Taka þarf þátt í samannburðarprófunum og vinna endurbætur á kóðum samkvæmt því. Leggja þarf fram tillögur um endurbætur á kóðum vegna séríslenskra aðstæðna.
- Hefja þarf vinnu við gæðamat á gögnum.
- Bæta þarf nýjum dálkum í ÍSGEM grunninn fyrir gæðaeinkunn, LanguaL kóða, mæliaðferð og sýnatökuaðferð.
- Vinna þarf við samantekt um aðskotaefni.
- Ljúka þarf við að skilgreina kóða fyrir efni.
- Kanna þarf útreikninga og notkun gagna í matvælaíðnaði.
- Taka á þátt í vinnu við stöðlun útreikninga sem byggjast á uppskriftum.
- Í undirverkefni um matarhefðir verða tekin sýni af völdum fæðutegundum, framleiðsla þeirra verður skráð nákvæmlega og þau send til efnagreininga.
- Í undirverkefni um lífvirk efni verða gögn í fjölda vísindagreina metin og þau gögn sem standast gæðakröfur verða skráð.

ÍSGEM

Íslenski gagnagrunnurinn um efnainnihald matvæla (ÍSGEM) var forsenda fyrir þátttöku í verkefninu. EuroFIR er ekki ætlað að standa undir rekstri gagnagrunna þátttökulandanna og kemur það sér illa að engar fjárveitingar voru til ÍSGEM á árinu 2005. Gagnagrunnurinn var því ekki uppfærður nema í mjög brýnum tilfellum

eins og vegna breytinga á fituleysanlegum vítamínum í lýsi. Samt sem áður var leitast við að svara öllum fyrirspurnum. Matarvefnum var haldið úti á Netinu á árinu og var hann notaður umtalsvert. Breytingar á ÍSGEM grunninum voru fluttar yfir á Matarvefinn.

Upplýsingar um EuroFIR verkefnið eru á vefsíðunni www.eurofir.net